

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Grundarfjarðarbæ.

Deiliskipulag Ölkeldudals – óveruleg deiliskipulagsbreyting.

9. mars 2026 samþykkti skipulags- og umhverfisnefnd óverulega deiliskipulagsbreytingu í Ölkeldudal, sem síðan var staðfest 12. mars á 309. fundi bæjarstjórnar, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í gildi er deiliskipulag Ölkeldudals sem upphaflega var samþykkt í bæjarstjórn 10. apríl 2025 og staðfest með auglýsingu nr. 774/2025 í B-deild Stjórnartíðinda.

Breyting er gerð á fjórum reitum í skilmálatöflu í kafla 6.11 á bls 41 í deiliskipulagsgreinargerðinni, sem er undirkafla kafla 6, Skilmálar á lóðum. Lýsing á Ölkelduvegi 18 og 29 breytist úr parhúsi í raðhús. Breytingin fyrir Ölkelduveg 41 varðar hámarks byggingarmagn fyrir annars vegar sérbýli og hins vegar raðhús við lóðina. Eftir breytinguna er skráð hámarksbyggingarmagn sérbýla 220 m² en hámarksbyggingarmagn fyrir raðhús 180 m². Engar breytingar eru gerðar á uppdrætti deiliskipulagsins, þar eru tölur rétt skráðar og gerðir húsa sýndar rétt. Aðeins er verið að leiðrétta samræmi milli uppdráttar og greinargerðar.

Breyting öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 5. ágúst 2026.

Birkir Jón Jónsson bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 19. ágúst 2026